

SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á NORÐURLANDI VESTRA

**Haustþing SSNV,
haldið á Hvammstanga, 20. október 2017**

FUNDARGERÐ



**Ingibergur Guðmundsson
Davíð Jóhannsson**

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
Dagskrá.....	2
Þingsetning, kjör starfsmanna þingsins	3
Fjárhagsáætlun 2018 og Starfsáætlun 2018	3
Tillögur og ályktanir lagðar fram	3
Ávarp.....	3
Karl Björnsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga	3
Fyrirspurnir og umræður	3
Fulltrúatal	4
Nefndastörf.....	4
Afgreiðsla nefndarálita.....	4
Fjárhagsnefnd	4
Allsherjarnefnd.....	5
Ávarp.....	5
Jón Gunnarsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra	5
Þingslit.....	5

Dagskrá

09:30 Þingsetning:

Kosning þingforseta, varaforseta, tveggja ritara og tveggja vararitara (Þ4).

Kynning á nefndum þingsins:

Kjörnefnd (S4.3/Þ6), Allsherjarnefnd (Þ7) og Fjárhagsnefnd (Þ7)

09:45 Fjárhagsáætlun 2018 og Starfsáætlun 2018 (S2.1)

10:10 Tillögur og ályktanir lagðar fram

10:20 **Ávarp:** *Karl Björnsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga.*

10:40 Nefndastörf

11:30 Afgreiðsla nefndarálita

10:20 **Ávarp:** *Jón Gunnarsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra.*

12:00 Þingslit

Pingsetning, kjör starfsmanna þingsins

Stefán Vagn Stefánsson, formaður stjórnar SSNV, setti þingið og bauð þingfulltrúa og aðra gesti velkomna. Tilnefndi hann Unni Valborgu Hilmarsdóttur sem 1. þingforseta og Valgarð Hilmarsson sem 2. þingforseta. Þá lagði hann til að þingritarar væru Davíð Jóhannsson og Ingibergur Guðmundsson og varaþingritarar Magnús Bjarni Baldursson og Katharina Ruppel, starfsmenn SSNV.

Tillagan var samþykkt og tók þingforseti við stjórn þingsins.

Fjárhagsáætlun 2018 og Starfsáætlun 2018

Björn Líndal Traustason, framkvæmdastjóri SSNV, mælti fyrir tillögum að fjárhagsáætlun og starfsáætlun SSNV fyrir árið 2018.

Þingforseti vísaði að svo búnu tillögu að fjárhagsáætlun 2018 til fjárhagsnefndar og tillögu að starfsáætlun 2018 til allsherjarnefndar.

Tillögur og ályktanir lagðar fram

Fyrir þinginu lá tillaga að ályktun þingsins sem send hafði verið send út með fundarboði.

- 1. Ályktun haustþings SSNV 2017 sem miðar að eflingu byggða og bættum búsetuskilyrðum á Norðurlandi vestra*

Þá lagði Einar Kristján Jónsson, Húnavatnshreppi, fram eftirfarandi tillögu:

- 2. Haustþing SSNV, haldið á Hvammstanga, 20. október 2017, samþykkir eftirfarandi: Stjórn SSNV skipi valinkunna einstaklinga úr hverju aðildarsveitarfélagi sinna í vinnuhóp. Vinnuhópur þessi mun í samstarfi við skipulagsfulltrúa á hverju svæði og Landmælingar Íslands, vinna að skráningu örnefna á hverju svæði fyrir sig. Nauðsynlegt er að ráðast í þessa skráningu nú, svo að örnefni tapist ekki. Örnefni er stór hluti af menningarsögu landsins.*

Þingforseti vísaði báðum tillögum til umfjöllunar í allsherjarnefnd.

Ávarp

Karl Björnsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga

Karl Björnsson fór yfir helstu þætti í starfsemi sambandsins, nýjar reglur og reglugerðir, samskipti við ríkisvaldið, kjaramál, húsnæðismál, eflingu sveitarstjórnarstigsins, reglur Jöfnunarsjóðs o.fl. Hann studdist við glærur í ávarpi sínu og eru þær aðgengilegar á heimasíðu SSNV.

Fyrirspurnir og umræður

Til máls tóku: Þóra Sverrisdóttir, Elín R. Líndal og Ásta Björg Pálmadóttir og svaraði Karl fyrirspurnum þeirra.

Fulltrúatal

Ásta Björg Pálmadóttir, formaður kjörnefndar, fór yfir fulltrúatal þingsins. Rétt til fundarsetu með atkvæðisrétti eiga 29 fulltrúar og af þeim eru 20 mættir. Mættir fulltrúar eru:

Nafn	Sveitarfélag	Aðal/vara
Valgarður Hilmarsson	Blönduósþbær	aðal
Anna Margrét Sigurðardóttir	Blönduósþbær	aðal
Oddný María Gunnarsdóttir	Blönduósþbær	aðal
Þorleifur Ingvarsson	Húnavatnshreppur	aðal
Jóhanna Magnúsdóttir	Húnavatnshreppur	aðal
Þóra Sverrisdóttir	Húnavatnshreppur	aðal
Elín R. Línal	Húnaþing vestra	aðal
Ingimar Sigurðsson	Húnaþing vestra	aðal
Unnur Valborg Hilmarsdóttir	Húnaþing vestra	aðal
Sigurbjörg Jóhannesdóttir	Húnaþing vestra	aðal
Dagný Rósa Úlfarsdóttir	Skagabyggð	aðal
Stefán Vagn Stefánsson	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Sigríður Magnúsdóttir	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Sigríður Svavarsdóttir	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Gunnsteinn Björnsson	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Ásta Björg Pálmadóttir	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Bjarni Jónsson	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Adolf H. Berndsen	Sv.fél. Skagaströnd	aðal
Inga Rós Sævarsdóttir	Sv.fél. Skagaströnd	aðal
Halldór G. Ólafsson	Sv.fél. Skagaströnd	aðal

Nefndastörf

Að því búnu hófust störf í fjárhagsnefnd og allsherjarnefnd.

Afgreiðsla nefndarálita

Fjárhagsnefnd

Unnur Valborg Hilmarsdóttir gerði grein fyrir tillögu fjárhagsnefndar.

- Haustþing SSNV, haldið á Hvammstanga 20. október 2017, samþykkir framlagða fjárhagsáætlun SSNV fyrir árið 2018.*

Sjá Fylgiskjal 1.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Allsherjarnefnd

Sigríður Svavarsdóttir gerði grein fyrir tillögum allsherjarnefndar:

- a) *Haustþing SSNV, haldið á Hvammstanga 20. október 2017, samþykkir fyrirbyggjandi ályktun sem miðar að eflingu byggða og bættum búsetuskilyrðum á Norðurlandi vestra. Sjá Fylgiskjal 2.*
- b) *Haustþing SSNV, haldið á Hvammstanga 20. október 2017, samþykkir fyrirbyggjandi starfsáætlun SSNV fyrir árið 2018. Sjá Fylgiskjal 3.*
- c) *Haustþing SSNV, haldið á Hvammstanga 20. október 2017, samþykkir eftirfarandi tillögu um skráningu örnefna:
Haustþing SSNV, haldið á Hvammstanga, 20. október 2017, samþykkir að stjórn SSNV láti taka saman yfirlit um stöðu örnefnaskráningar í hverju aðildarsveitarfélagi og skipi valinkunna einstaklinga í vinnuhóp ef þess telst þörf. Vinnuhópur þessi mun í samstarfi við skipulagsfulltrúa og Landmælingar Íslands, vinna að skráningu örnefna á hverju svæði fyrir sig. Nauðsynlegt er að ráðast í þessa skráningu nú, svo að örnefni tapist ekki. Örnefni er stór hluti af menningarsögu landsins.*

Til máls tóku: Magnús B. Jónsson

Tillögurnar voru samþykktar samhljóða.

Ávarp

Jón Gunnarsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra

Jón Gunnarsson ræddi heimsóknir sínar í yfir 40 sveitarfélög sl. sumar, uppbyggingu innviða og málefni sveitarfélaga. Hann studdist við glærur í ávarpi sínu og eru þær aðgengilegar á heimasíðu SSNV.

Þingslit

Valgarður Hilmarsson, Blönduósi, bauð til næsta haustþings í A-Hún.

Unnur Valborg Hilmarsdóttir, þingforseti, þakkaði fyrir góð störf þingsins og gott hljóð.

Stefán Vagn Stefánsson þakkaði fyrir gott þing og gott samtal. Hann hvatti þingfulltrúa og gesti til að sitja ráðstefnu um framtíð landbúnaðar sem hefst á sama stað kl. 13.00 og sleit þingi að því búnu.

Þinggjörðina rituðu
Ingibergur Guðmundsson og Davíð Jóhannsson